



## Ályktun formannafundar Aftureldingar um aðstöðumál.

**Samþykkt á fundi að Varmá þann 2. febrúar 2012.**

Formannafundur lýsir ánægju sinni yfir að loks sjái fyrir endann á að leyst verði úr aðstöðuvanda fimleika og bardagadeilda félagsins sem og vanda félagsins hvað varðar félags- og skrifstofuaðstöðu.

Ungmennafélagið Afturelding hefur alltaf óskað þess fyrst og fremst að íþróttaaðstaða bæjarins sé byggð upp að Varmá þar sem hjarta Ungmennafélagsins slær og hægt er að nýta samlegðaráhrif íþróttaaðstöðunnar. Þess vegna fagnar formannafundur því að bæjaryfirvöld skuli leggja til að bætt verði úr brýnustu húsnæðisþörf deildanna þriggja og skorti á félags- og skrifstofuaðstöðu félagsins með byggingu húss að Varmá. Formannafundur treystir því að náið samráð verði haft við félagið um fyrirhugaðar framkvæmdir og telur fundurinn telur mjög mikilvægt að milliloftið verði reist strax.

Formannafundur Aftureldingar vill koma því á framfæri við bæjaryfirvöld og kjörna fulltrúa að til að félagið geti byggt markvisst upp sitt starf og gert framtíðaráætlanir er nauðsynlegt að bæjaryfirvöld setji sér markvissa stefnu um uppbyggingu íþróttaaðstöðu í lýðheilsu- og íþróttabænum Mosfellsbæ. Formannafundur bendir bæjaryfirvöldum á að ófremdarástand er yfirvofandi hjá stærstu deild félagsins, knattspyrnudeild, vegna skorts á aðstöðu. Brottfall hefur orðið mun meira en ásættanlegt er og dregið mjög úr nýliðun vegna skorts á inniaðstöðu.

Til að Afturelding fá tækifæri til áframhaldandi uppbyggingar íþróttastarfs í þágu barna og ungmenna í Mosfellsbæ óskar formannafundur eftir framtíðarsýn bæjaryfirvalda varðandi uppbyggingu á íþróttasvæðinu að Varmá. Óskar formannafundur eftir því að fulltrúar bæjarins setjist nú þegar niður með fulltrúum Aftureldingar og vinni framtíðarstefnu um uppbyggingu á Varmásvæðinu og þá möguleika sem í svæðinu felast.

Ef framtíðarsýnin er skýr vita forsvarsmenn allra deilda, aðalstjórn sem og bæjarbúar allir hvert stefnt er og þannig má byggja allt starf upp á markvissari hátt.

Ályktun þessi er send bæjarstjóra, bæjarráði og framkvæmdastjóra fræðslu- og menningarsviðs Mosfellsbæjar.